



## ERINDISBRÉF

### BRUNAVARNANEFND SKÚTUSTAÐAHREPPS OG ÞINGEYJARSVEITAR

#### 1. gr. Stjórnskipuleg staða

Brunavarnanefnd Skútustaðahrepps og Píngeyjarsveitar heyrir undir sveitarstjórnir Skútustaðahrepps og Píngeyjarsveitar og starfar í umboði þeirra. Sveitarstjórnir beggja sveitarfélaganna skulu, á fyrsta fundi sínum að afloknum sveitarstjórnarkosningum, tilnefna þrjá fulltrúa til fjögurra ára og þrjá til vara, einn fulltrúa og einn til vara frá Skútustaðahreppi og tvo fulltrúa og tvo til vara frá Píngeyjarsveit.

#### 2. gr. Hlutverk

Brunavarnanefnd fjallar um málefni og starfsemi brunavarna Skútustaðahrepps og Píngeyjarsveitar, starfsemi slökkviliðs, eldvarnareftirlit, brunavarnaáætlun, forvarnir og skyldur sveitarfélaganna.

#### 3. gr. Starfshættir

Brunavarnanefnd kýs formann og ritara á fyrsta fundi sínum. Formaður skal boða fundi nefndarinnar með a.m.k tveggja sólarhringa fyrirvara. Fundir skulu vera að lágmarki fimm sinnum á ári auk þess að funda árlega með sveitarstjórnnum. Auk kjörinna fulltrúa skulu slökkviliðsstjóri og varaslökkviliðsstjóri sitja alla fundi nefndarinnar með málfrelsi og tillögurétt.

#### 4. gr. Valdsvið

Brunavarnanefnd Skútustaðahrepps og Píngeyjarsveitar hefur umsjón með þeim málaflokkum sem undir hana heyra í umboði beggja sveitarstjórna. Ákvarðanir nefndarinnar eru ekki bindandi fyrir sveitarfélögin fyrr en þær hafa hlotið staðfestingu sveitarstjórnanna.

#### 5. gr. Eftirfylgni

Slökkviliðsstjóri skal hafa umsjón með eftirfylgni á staðfestum samþykktum og ákvörðunum brunavarnanefndar sem hlotið hafa staðfestingu beggja sveitarstjórna.

#### 6. gr. Lög og reglugerðir

Í störfum sínum skal brunavarnanefnd taka mið af þeim lögum og reglum sem undir starfssvið þess heyri og gildir hverju sinni. Reglugerðir um starfsemi slökkviliða nr. 747/2018 og lögum um brunavarnir nr. 75/2000.

Samþykkt á fundi sveitarstjórnar Skútustaðahrepps þann 7. nóvember 2018

Samþykkt á fundi sveitarstjórnar Píngeyjarsveitar þann 8. nóvember 2018